


## Fundargerð

### Stjórnarfundur í félagi Lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 1. september 2020 kl. 20:00 haldinn hjá Snjólfvi Ólafssyni í Kópavogsgarði 1-3.  
Fundinn sátu: Snjólfur Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Nanna Viðarsdóttir og Kristín Eysteinsdóttir.

1. Lagfæring á vegslóðum. Gunnsteinn heyrir í Baldri og fær hann til að gera tilboð á hluta á Arnarbælistsvæði, sem áætlað er að gæti orðið um 3 milljónir.
2. Lagfæringar á göngu- og golfbílástígum svæðisins. Snjólfur lagði til að golfklúbburinn verði fegninn til að laga stígana milli Kamba og golfskála og Arnarbælishverfis og golfskála þar sem þeir eru að fara að laga stíga á golfvöllinum. Það var samþykkt.
3. Innheimta árgjalda. Kristín hefur sent út greiðsluseðla.
4. Hugmynd um að greiða upp skuld vegna vatnsveitu var rædd. Samþykkt að gera það.
5. Uppfærsla upplýsinga um lóðarhafa. Þær eru í nokkuð góðu standi en stundum er erfitt að fá upplýsingar um breytingar. Kristín gjaldkeri og Nanna ritari munu samræma sínar skrár, m.a. símaskrá og innheimtuskrá.
6. Rætt var um heimasíðuna sem komin eru drög að. Samþykkt að opna hana sem fyrst.
7. Önnur mál.
  - Af upplýsingum á vefnum sést að búið er að losa flestar rotþrær í Kiðjabergi.
  - Fyrirspurn hefur komið frá sumarhúsaeygenda í grennd við Kiðjaberg um hvort mögulegt væri að tengjast vatnsveitu FLK, þ.e. kalda vatninu. Stjórnin er sammála um að eins og staðan er núna að þái þeir, sem eru ekki í félaginu, ekki að tengjast vatnsveitunni.

Fundi slitið 21:30



Nanna Viðarsdóttir ritari



Snjólfur Ólafsson formaður